

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði reglugerðar þessarar um aukinn rétt til greiðslna í fæðingarorlofi gilda frá 1. janúar 1998. Foreldri sem fellur undir ákvæði reglugerðarinnar getur sótt um fæðingarorlof samkvæmt reglugerðinni vegna fæðingar fyrir 1. janúar 1998 í þann tíma sem eftir er af fæðingarorlofstímabili 1. janúar 1998, enda uppfylli foreldri önnur skilyrði reglugerðarinnar til greiðslu fæðingarstyrks og eftir atvikum fæðingardagpeninga.

Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir 1. september 1998 setja almennar reglur um hvað skuli teljast viðurkennt nám.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. maí 1998.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

**AUGLÝSING****um deiliskipulag í Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu.**

Hreppsnefnd Hálsahrepps, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag fyrir sumar-  
bústað í landi (Hrísmóar) Signýjarstaða.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulags-  
reglugerð nr. 318/1985.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*16. maí 1998.*

F. h. hreppsnefndar,

**Ólafur K. Guðmundsson** skipulags- og byggingarfulltrúi.